

# Ársskýrsla Blindrafélagsins samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi fyrir starfsárið 2022-2023



**BLINDRAFÉLAGIÐ**

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi  
STOFNAÐ 1939





**Ársskýrsla Blindrafélagsins**  
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi  
fyrir starfsárið 2022-2023

<b>Ársskýrsla Blindrafélagsins .....</b>	<b>3</b>
Stjórn .....	3
Starfsmenn .....	3
Rekstrarniðurstaða .....	4
Aðal-, félags- og stjórnarfundir.....	4
Niðurstöður úr traustsmælingu Gallup .....	5
<b>Verkefni og fjáraflanir.....</b>	<b>5</b>
Vörusala og tækjaleiga .....	5
Þjónustusamningar og styrkir .....	6
Styrkur frá félags- og barnamálaráðuneyti fyrir árið 2022 .....	6
Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg.....	6
Aðrir styrkir og gjafir.....	6
Bakhjarlar .....	6
Happdrætti .....	6
Víðsjá .....	7
Jólaort.....	7
Leiðsöguhundaverkefnið .....	7
Fyrirtækjasöfnun .....	7
<b>Rekstur Hamrahlíðar 17 .....</b>	<b>8</b>
Viðhaldsframkvæmdir innanhúss .....	8
Stækkun Hamrahlíðar 17.....	8
<b>Áhersluverkefni og ferðaþjónusta .....</b>	<b>8</b>
Ferðaþjónusta .....	8
Réttindagæsla .....	9
Alþjóðasamstarf .....	9
Vefpula .....	10
Máltækniáætlun.....	10
NaviLens.....	10
Tæknimál og tækniráðgjöf.....	10
Talgervilsraddirnar Karl og Dóra.....	10
Vefvarp Blindrafélagsins.....	11
Mötuneyti Blindrafélagsins.....	11
Útgáfa og upplýsingaflæði.....	12
<b>Félagsmál og jafningjastuðningur.....</b>	<b>12</b>
Félagsmálafulltrúi og trúnaðarmenn .....	12
Trúnaðarmenn .....	12
Félagsstarfið.....	13
Opið hús.....	13
Foreldradeild .....	14
Skemmtinefnd .....	14
Bókmenntaklúbbur .....	15
Heilsuklúbbur Blindrafélagsins.....	15
Molar og kaffi. ....	15
Prjónakaffi.....	16
Retina Ísland.....	16
<b>Samstarfsaðilar innanlands .....</b>	<b>17</b>
Lokaorð formanns .....	17
<b>Aðrar skýrslur .....</b>	<b>18</b>
Blindravinnustofan .....	18
Sjónstöðin .....	19

<b>Hljóðbókasafnið</b> .....	<b>20</b>
40 ára afmæli Hljóðbókasafnsins setti mestan svip á starfsemina árið 2022 .....	20

## Ársskýrsla Blindrafélagsins

Ársskýrsla Blindrafélagsins fyrir starfsárið 2022–2023 gerir grein fyrir helstu áherslum, nýjungum og áskorunum í starfi félagsins á starfsárinu. Varðandi ítarlegri upplýsingar vísast í ársreikninga, fundargerðir aðal-, félags- og stjórnarfunda sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

### Stjórn

Í stjórn Blindrafélagsins starfsárið 2022–2023 voru eftirfarandi:

Sigþór U. Hallfredsson, formaður (2022–2024).

Rósa María Hjörvar, varaformaður (2022–2024).

Guðmundur Rafn Bjarnason, gjaldkeri (2021–2023).

Kaisu Kukka-Maaria Hynninen, ritari (2021–2023).

Sandra Dögg Guðmundsdóttir (2022–2024).

Ásdís Evlalía Guðmundsdóttir, varamaður (2022–2024).

Halldór Sævar Guðbergsson, varamaður (2021–2023)

Rósa Ragnarsdóttir, varamaður (2021–2023).

Þórarinn Þórhallsson, varamaður (2022–2024).

Samkvæmt lögum félagsins eru formaður og stjórnarmenn kosnir til tveggja ára í senn og er helmingur stjórnar kosinn á hverju ári. Þau sem voru kosin fyrir tveimur árum og eru þar með að ljúka tveggja ára kjörtímabili á þessum aðalfundi eru:

Guðmundur Rafn Bjarnason

Kaisu Kukka-Maaria Hynninen

Halldór Sævar Guðbergsson

Rósa Ragnarsdóttir

### Starfsmenn

Alls starfaði 20 einstaklingar hjá félaginu í 14,5 stöðugildum. Litlar breytingar urðu á starfsmannaskipan félagsins á árinu. Ásrún Harðardóttir hóf störf í október og Hlynur Þór Agnarsson lét af störfum um áramót.

Starfsmenn félagsins á árinu voru:

Ásrún Harðardóttir, afgreiðsla.

Baldur Snær Sigurðsson, tækni- og tölvuráðgjafi.

Dagný Kristmannsdóttir, trúnaðarmaður.

Eyþór Kamban Þrastarson, aðgengisfulltrúi.

Friðrik Steinn Friðriksson, fjáröflunarfulltrúi og hönnuður.

Guðvarður Birgir Birgisson, húsvörður.

Gunnar Már Óskarsson, afgreiðsla.

Helga Friðriksdóttir, trúnaðarmaður.

Hildur Björnsdóttir, gjaldkeri og umsjónarmaður ferðaþjónustunnar.

Hlynur Þór Agnarsson, aðgengisfulltrúi.  
Ingólfur Garðarsson, fjáröflunarfulltrúi.  
Jón Helgi Gíslason, trúnaðarmaður.  
Katrín Gunnarsdóttir, ræstingar.  
Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri.  
Kristín Waage, bókari.  
Lára Kristín Lárusdóttir, félags- og markaðsmál.  
Margrét Pálsdóttir, fjáröflunarfulltrúi.  
Marjakaisa Matthíasson, alþjóða- og félagsmálafulltrúi.  
Mónika Elísabet Kjartansdóttir, félags- og markaðsmál.  
Sigþór U. Hallfredsson, formaður.  
Þórkatla Norðquist, matartæknir í eldhúsi.

Það er stefna Blindrafélagsins að gefa blindum og sjónskertum einstaklingum færi á að starfa fyrir félagið. Hefur það m.a. verið gert með því að haga starfslýsingum þannig að þær séu ekki útilokandi fyrir blinda eða sjónskerta einstaklinga. Það er því sérstaklega ánægjulegt að greina frá því að af þeim 21 starfsmanni sem talinn er upp hér fyrir framan eru 12 blindir eða sjónskertir.

## **Rekstrarniðurstaða**

Heilt yfir gekk reksturinn vel á árinu, heildarvelta félagsins á árinu 2022 nam 303,5 m.kr. sem er 9,6% aukning frá 2021. Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði og afskriftir var jákvæð um 16, m.kr. Að meðtöldum fjármagnsliðum og afskriftum var afkoman neikvæð um 1,9 m.kr. Sjá nánar í ársreikningnum.

## **Aðal-, félags- og stjórnarfundir**

Aðalfundur Blindrafélagsins var haldinn 26. maí 2022 með hefðbundnum hætti og í gegnum fjarfundabúnaðinn Zoom einnig í útsendingu í Vefvarpinu.

Félagsfundur var haldinn 23. nóvember 2022 í Hamrahlíð 17 einnig sem fjarfundur og í útsendingu í Vefvarpinu. Á fundinum var fjallað um þjónustu sveitarfélaga við blint og sjónskert fólk.

Annar félagsfundur var haldinn 16. mars 2023 og var það einnig tvinnfundur. Á fundinum var farið yfir landsáætlun um innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

## Niðurstöður úr traustsmælingu Gallup

Helstu niðurstöður eru þessar:

60% svarenda bera mikið traust til Blindrafélagsins. Lækkar það um 5 prósentustig á milli mælinga en það telst ekki marktæk lækkun.

Traustið er hvað mest hjá yngsta og elsta aldursbilinu en minnst hjá þeim sem eru í aldursbilinu 25–34 ára.

Svipað hlutfall svarenda segist þekkja vel til starfsemi Blindrafélagsins en áhugavert er að sjá að þeim fækkar sem segjast þekkja illa til starfsemi Blindrafélagsins og fer hlutfallið úr 33% í 27%. Af þessum sökum hækkar meðaltalið (á skalanum 0–10) úr 4,5 í 4,8 og telst sú hækkun marktæk.

Karlar þekkja marktækt meira til starfsemi Blindrafélagsins en konur en hlutfallið er 27% á móti 20%.

## Verkefni og fjáraflanir

Rekstur Blindrafélagsins og þau verkefni sem félagið sinnir eru mjög háð fjáröflunum félagsins. Meira en helmingur af rekstrarfé félagsins (60%) kemur í gegnum fjáraflanir meðal almennings. Árangur í fjáröflunum byggir mikið á því jákvæða orðspori sem félagið nýtur meðal almennings. Það er mikilvægt að vera á tánum því að aðstæður breytast í sífellu og samkeppni er almennt að harðna. Fleiri félagasamtök halda úti svipuðum fjáröflunum og Blindrafélagið og leita eftir styrkjum frá fyrirtækjum og einstaklingum. Fjöldi sölumanna hefur atvinnu af því að selja almenningi varning í nafni vel þekktra samtaka. Framlög fyrirtækja eru mjög háð sveiflum í atvinnulífinu og það hefur sýnt sig að það getur verið fallvalt að treysta of mikið á fjárhagsstuðning fyrirtækja. Mikilvægt er jafnframt að draga eftir föngum úr kostnaði og reyna að gera hvert verkefni eins hagkvæmt og kostur er.

Megnið af fjáröflunarfé Blindrafélagsins kemur frá einstaklingum. Aukin áhersla hefur verið lögð á að nýta samfélagsmiðlana til að vekja athygli á fjáröflunum félagsins.

Á árinu 2022 skiluðu fjáraflanir félagsins 85 m.kr. umfram beinan og sameiginlegan kostnað á móti 76,5m.kr. árið á undan.

## Vörusala og tækjaleiga

Tekjur af vöru- og þjónustusölu og tækjaleigu á árinu voru 24,6 m.kr. Þetta er 11,8% lækkun frá fyrra ári. Blindrafélagið selur ýmiss konar vörur sem framleiddar eru með þarfir blindra og sjónskertra í huga, eins og t.d. aðgengislausnir, bæði stafrænar og ferilslausnir. Að auk selur félagið Þríkrossinn og vörur frá Blindravinnustofunni. Félagið leigir einnig út hjálpartæki, eins og Vefvarpið og lestrartæki. Í vefverslun félagsins eru myndir



og verð á öllum hlutum sem þar eru seldir. Félagið vill með þessu bæta framboð af hjálpartækjum og lítur á þessa starfsemi sem aukna þjónustu við félagsmenn.

### *Þjónustusamningar og styrkir*

#### *Styrkur frá félags- og barnamálaráðuneyti fyrir árið 2022*

Blindrafélagið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við félags- og barnamálaráðuneytið (áður velferðarráðuneytið) sem kveður á um að ráðuneytið styrkir tiltekna starfsemi á vegum félagsins sem miðar að stuðningi til sjálfstæðis. Fyrir árið 2022 var þjónustusamningur upp á 9 m.kr.

### *Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg*

Blindrafélagið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Samningurinn vegna 2022 hljóðaði upp á 3 m.kr.

#### *Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands*

Öryrkjabandalag Íslands veitir aðildarfélögum sínum árlega styrki til ýmissa verkefna. Heildarstyrkur ÖBÍ til Blindrafélagsins á árinu 2022 var, 10,3 m.kr. Auk grunnreksturs styrkti ÖBÍ eftirtalin verkefni Blindrafélagsins:

-Leiðsöguhundaverkefnið.

-Aðgengisverkefni.

-RIWC2020-ráðstefnuna í Hörpu. Ráðstefnunni var frestað vegna Covid-19 og var haldin í júní 2022.

### *Aðrir styrkir og gjafir*

Ýmsir einstaklingar og fyrirtæki styrktu félagið með stórum og smáum gjöfum og margir þeirra vilja ekki láta nafns síns getið. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Án þeirra væri starf félagsins ekki jafn blómlegt og raun ber vitni.

### *Bakhjarlar*

Bakhjarlar Blindrafélagsins telja nú tæplega 7.000 manns. Bakhjarlakerfið skilaði 53,1 m.kr. tekjum umfram gjöld á árinu 2022, á móti 46,1 m.kr. 2021. Samstarfið við Miðlun hélt áfram frá fyrra ári. Samstarfið við Miðlun felst í því að starfsfólk Miðlunar hringir í fólk og býður því að gerast bakhjarlar félagsins með því að greiða fast mánaðarlegt bakhjarlagjald. Að meðaltali greiða bakhjarlar um 1.700 kr. á mánuði. Fríðindi sem fylgja mánaðarlegu bakhjarlagjaldi eru sjóntrygging vegna slysa, tímaritið Viðsjá og leiðsöguhundadagatal.

### *Happdrætti*

Happdrætti Blindrafélagsins er ein mikilvægasta fjáröflun félagsins og hefur verið í mörg ár. Happdrættið fer fram tvisvar á ári, sumarhappdrætti með útdrætti í júlí annars vegar og desember hins vegar. Gefin voru út 60.000 miðanúmer í hvoru happdrætti.

Miðar voru sendir til allra landsmanna á aldrinum 30–88 ára. Sem fyrr fengu þeir sem eru 60 ára og eldri sína miða senda á pappír en þeir yngri fengu einungis rafræna miða.

Miðaverð var 3.300 kr. Happdrættið skilaði félaginu 38,3 m.kr. afkomu á árinu þegar allur beinn og sameiginlegur kostnaður hafði verið reiknaður sem er 9 m.kr. betri afkoma en 2021.

#### *Viðsjá*

Viðsjá, tímarit Blindrafélagsins, kom að vanda út tvisvar á árinu 2022. Um leið og Viðsjá er mikilvæg sem mál gagn Blindrafélagsins er blaðið einnig mikilvægt fjáröflunarverkfæri. Tekjurnar sem félagið hefur af Viðsjá liggur í valkröfum sem sendar eru þeim sem fá blaðið sent og auglýsingum og styrktarlínum. Á árinu 2022 skilaði Viðsjá 15,5 m.kr. í tekjur umfram kostnað miðað við 16. m.kr. Ritstjóri Viðsjár á árinu var Friðrik Steinn Friðriksson.

#### *Jóla kort*

Tekjur af jóla kortasölu á árinu umfram kostnað var 2,4 m.kr. samanborið við 3 m.kr. árið 2021.

Salan fer að mestu fram með útsendingu á jóla kortapökkum til félagsmanna, bakhjarla og annarra áskrifenda. Alls voru sendir út um 1.200 pakkar ásamt valkröfum að upphæð 2.800 kr., þ.e. 400 pökkum færri en 2021.

#### *Leiðsöguhundaverkefnið*

Í árslok voru 13 leiðsöguhundar starfandi á Íslandi.

Leiðsöguhundadagatal Blindrafélagsins er hugsað sem kynning á leiðsöguhundaverkefni Blindrafélagsins og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar. Á árinu 2022 var dagatalið gefið út í 12.000 eintökum.

Áframhald var á kassasölu hjá Bónus, Samkaupum, Nettó og A4, dagatalið var selt á 2.200 kr. Samtals seldust tæplega 3.000 eintök. Send voru út um 3.400 dagatöl ásamt valkröfu upp á 2.450 kr. Afkoma á árinu 2022 var jákvæð upp á 6,8 m.kr. samanborið við 9,4 m.kr. á árinu 2021.

Framlög og söfnunarfé til leiðsöguhundaverkefnisins á árinu var 46 m.kr.

#### *Fyrirtækjasöfnun*

Leitað var til um 1.500 fyrirtækja sem höfðu styrkt félagið með framlögum á síðustu þremur árum. Afrakstur fyrirtækjasöfnunarinnar var 1,5 m.kr. en árið á undan var afkoman um 1,4 m.kr.

## Rekstur Hamrahlíðar 17

### Útleiga á húsnæði:

Tekjur Blindrafélagsins af útleigu húsnæðis á árinu 2022 voru 65,3 m.kr. á móti 59,3 m.kr. árið á undan.

Starfsemi í Hamrahlíð 17 er eftirfarandi:

1. hæð: Augnlæknar Reykjavíkur vegna Optic Reykjavík og Blindravinnustofan ehf. Auk þess eru skrifstofur Blindrafélagsins á hæðinni.
2. hæð: Augnlæknar Reykjavíkur. Félagsheimili Blindrafélagsins er einnig á hæðinni og salur sem leigður er út til félagsmanna.
3. og 4. hæð: 20 leiguíbúðir í langtímaleigu fyrir félagsmenn, tvær gestaíbúðir og tvö gestaherbergi til útleigu fyrir félagsmenn og ættingja þeirra til skemmri dvalar.

Var nýtingin sem hér segir:

Íbúð 401 (gestaíbúð): 29%

Íbúð 309 (gestaíbúð): 28%

Íbúð 304 (gestaherbergi): 10%

Íbúð 404 (gestaherbergi): 16%

### Viðhaldsframkvæmdir innanhúss

Áfram var haldið við að skipta út eldri lýsingu, en ledlýsing var sett upp á skrifstofu Blindrafélagsins og settur upp háfur í eldhúsi, ásamt því að almennu viðhaldi var sinnt.

### Stækkun Hamrahlíðar 17

Leyfi hefur fengist frá skipulagsyfirköndum Reykjavíkurborgar til að hækka Hamrahlíð 17 um eina inndregna hæð. Nýja hæðin verður um 500 fm. Tilgangurinn með hækkuninni er að skapa Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni meira rými sem og Augnlæknum Reykjavíkur en einnig að fá Hljóðbókasafn Íslands í Hamrahlíðina. Framkvæmdir hófust í mars 2023 og er reiknað með því að búið verði að reisa 6. hæðina í lok ágúst á þessu ári.

## Áhersluverkefni og ferðapjónusta

### Ferðapjónusta

Í lok ársins 2022 voru 722 einstaklingar með ferðapjónustusamninga.

Sveitarfélag	Fjöldi ferða
Afsláttarkorthafar	933
Akureyrarbær	816
Bláskógabyggð	7
Fjarðabyggð	41
Garðabær	1.138
Hafnarfjörður	2.191

Ísafjarðarbær ferðir á höfuðborgarsvæðinu	42
Kópavogsbær	5.798
Kópavogsbær A kort	886
Mosfellsbær	999
Reykjavíkurborg	30.531
Seltjarnanesbær	467
Seltjarnanesbær A kort	682
Stykkishólmsbær ferðir á höfuðborgarsvæðinu	31
Sveitarfélagið Árborg ferðir á höfuðborgarsvæðinu	116
Sveitarfélagið Hornafjörður	4
Vestmannaeyjar ferðir á höfuðborgarsvæðinu	44
<b>Samtals</b>	<b>45.726</b>

### Réttindagæsla

Eins og undanfarin ár hefur Blindrafélagið aðstoðað félagsmenn við að gæta eða sækja réttindi sem þeim kann að vera neitað um. Auk þátttöku formanns og framkvæmdastjóra félagsins hefur í sumum tilvikum þurft að kalla til lögmann félagsins. Í slíkum tilvikum kemur lögmaður félagsins fram fyrir hönd félagsmanns og því hefur félagið ekki verið beinn málsaðili. Mjög góður árangur hefur náðst í þessari réttindagæslu og hafa mál sem snúa að ferðaþjónustu, rétti til örorkubóta og húsnæðismálum verið leyst á farsælan máta fyrir félagsmenn.

### Alþjóðasamstarf

Blindrafélagið tekur virkan þátt í norrænu samstarfi blindrasamtakanna. NSK sem er samstarfsnefnd norrænna blindrasamtakanna heldur tvo til þrjá fundi árlega. Á árunum 2022–2023 fara Íslendingar með formennsku í samstarfinu. Rætt er um málefni sem varða öll samtök. Í lok ágúst 2022 var haldin norræn ráðstefna í Helsinki um framtíðarsýn í endurhæfingu.

Blindrafélagið tekur einnig þátt í starfi European Blind Union (EBU), World Blind Union (WBU) og Retina International (RI). Innan EBU starfa tölvupóstahópar um margs konar hagsmuni, m.a. jafnréttismál, aðgengi, menningu og sjónskerðingu (low vision) og hafa starfsmenn og félagsmenn tekið þátt í starfi þessara hópa, m.a. á rafrænum fundum. Blindrafélagið á aðild að eftirtöldum alþjóðlegum samtökum:

- European Blind Union (EBU)
- Nordisk Samarbejdskomité (NSK)
- Nordisk kvinnokommitté (NKK)
- Nordisk ungdomskommitté (NUK)
- Retina International (RI)
- World Blind Union (WBU)



### *Vefvarp Blindrafélagsins*

Við höfum haldið áfram að bæta inn nýju efni í Vefvarpið. Fleiri vefsíður hafa verið settar inn eftir óskum notenda og stöðugt bætast við íslenskir hlaðvarpsþættir. Hægt að nálgast yfir 40 íslenska vinsæla hlaðvarpsþætti í Vefvarpinu og við hverjum fólk til að láta okkur vita ef það veit um hlaðvarp sem þau vilja geta hlustað á í tækinu.

Opið hús Blindrafélagsins er sent út í beinni útsendingu, tvisvar í viku, fyrir þá sem ekki sjá sér fært að mæta í Hamrahlíð 17. Upptökur frá Opnu húsi er einnig hægt að hlusta á í Vefvarpinu fyrir þá sem missa af beinu útsendingunni eða vilja hlusta aftur á eldri viðburði.

### *Mötuneyti Blindrafélagsins.*

Árið 2022 seldust 5.118,5 máltíðir sem eru 600 máltíðum meira en árið áður.

Í 48 Opnum húsum seldust 558 kaffiskammtar.

Gestir í boði umsjónarmanna voru 45 og 25 leikskólabörn sungu fyrir Opið hús. 14 manns komu nýir inn og þeim var kynnt starfsemi Opins húss.

Þegar hugað er að eldhúsi félagsins þarf að hafa í huga hvernig uppbygging mötuneytis er, með tilliti til aðstöðu og aðbúnaðar sem er til staðar í eldhúsi, sem og fyrirkomulag og skipulag í matsal þannig að allt gangi sem best og þægilegast fyrir sig á mestu álagstímum.

Vinnuaðstaðan er mjög góð, settur var upp háfur í eldhúsinu sem gerir allt starf miklu betra og þægilegra.

Í starfinu eru höfð að leiðarljósi þau ráð sem heilbrigðiseftirlit og manneldisráð mæla með og hvet ég einnig aðra til að fylgja þeim eftir. Fylgt er eftir þeim reglum sem settar eru upp í heilbrigðismálum, en þar eru dagleg þrif stór þáttur í starfi mínu sem og eftirlit með geymslum fyrir hráefni, s.s. kæli, frysti og þurrgeymslu. Einnig er GÁMES fylgt en það er gæðaeftirlitskerfi og farið eftir því. Því er farið vandlega yfir þær vörur sem berast í eldhúsið. Kannað er ástand þeirra, þakkingar, flutningar og meðhöndlun.

Með þetta að leiðarljósi er ávallt leitast við að hafa úrvalshráefni til meðhöndlunar. Einnig er mikilvægt að vera í mjög góðum samskiptum við birgja, bæði hvað varðar verð og gæði.

Stefnan er því sú að fylgja ráðleggingum Lýðheilsustöðvar og manneldisráðs, en þær fela í sér hollt, næringarríkt og heilsusamlegt fæði og að allir fái bestu gæði og hollustu sem völ er á hverju sinni.

## Útgáfa og upplýsingaflæði

Eins og fyrr hefur félagið haldið uppi öflugum upplýsingaflæði til félagsmanna og almennings.

- Við streymum flestum viðburðum og öllum fundum í Vefvarpið.
- Víðsjá, tímarit Blindrafélagsins, kemur út tvisvar á ári.
- Hljóðbrot, hljóðtímarit Blindrafélagsins, kemur að jafnaði út mánaðarlega og er aðgengilegt á miðlum félagsins og í hlaðvarpsveitum.
- Fréttabréf Blindrafélagsins kemur að jafnaði út á föstudögum.
- Heimasíðan er mikilvægur vettvangur, auk þess að vera gátt fyrir vefverslun Blindrafélagsins.
- Fésbókarsíða félagsins er mikilvægt tól til að miðla upplýsingum um starfsemi félagsins til almennings.

## Hljóðbrot

Frá september 2022 hefur Hljóðbrot, hlaðvarp Blindrafélagsins, komið út einu sinni í mánuði. Útgáfudagur er alltaf síðasti föstudagur í hverjum mánuði. Umsjónarmenn Hljóðbrots eru Eyþór Kamban Þrastarson og Hlynur Þór Agnarsson. Þeir leitast við að halda andrúmslofti í þáttunum þægilegu og að viðfangsefni hverju sinni höfði til breiðs hóps, bæði innan og utan raða félagsfólks Blindrafélagsins. Hér er útlistun á þeim þáttum sem hafa verið gefnir út síðan í september 2022.

## Félagsmál og jafningjastuðningur

### Félagsmálafulltrúi og trúnaðarmenn

Félagsmenn Blindrafélagsins eru nú 703 talsins. Frá byrjun maí 2022 til 1. mars 2023 hafa 64 manns bæst í hópinn. Nýir félagsmenn fá senda möppu með kynningarefni um félagið og nýjasta tölublað tímaritsins Víðsjár, auk þess sem trúnaðarmenn fá upplýsingar um sína skjólstæðinga og hafa samband við þá eins fljótt og hægt er. Þjónusta félagsins, m.a. ferðapjónusta blindra, ókeypis aðgangur að 1818 og félagsstarf innan Blindrafélagsins, er einnig kynnt.

Félagsmálafulltrúi heldur einnig erindi fyrir tilvonandi leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd. Kennt er einu sinni í mánuði og hefur þátttakendum á námskeiðinu fjölgað mikið að undanfögnu. Sagt er frá Blindrafélaginu, ferðapjónustu blindra og leiðbeint með hvernig best sé að aðstoða blinda og sjónskerta.

### Trúnaðarmenn

Trúnaðarmenn hafa reglulega samband við skjólstæðinga sína og er almenna reglan sú að þeir hringja tvisvar á ári. Trúnaðarmenn veita stuðning á jafningjagrunni. Lítil hópur félagsmanna, m.a. einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimilum eða einir, fær þó hringingu oft frá trúnaðarmanni sínum.

Yngri félagsmenn afþakka frekar þessa þjónustu eða biðja um símhringingu einu sinni á ári. Trúnaðarmenn benda fólki á ýmis bjargráð, m.a. sálfræði- og félagsráðgjafarþjónustu hjá Sjónstöðinni. Trúnaðarmenn eru þau Dagný Kristmannsdóttir, Helga Friðriksdóttir og Jón Helgi Gíslason.

### Félagsstarfið

#### Opið hús

Opið hús er fastur liður í félagslífi Blindrafélagsins og mikilvægur hornsteinn fyrir fastagesti þess. Opið hús er ætlað öllum þeim sem vilja koma og skemmta sér í góðum félagsskap. Í Opnu húsi á fólk góðar stundir saman yfir kaffibolla og nýtur þess sem dagskráin kann að bjóða upp á hverju sinni, m.a. söngs, upplestrar, tónlistar og gamansagna.

Reyndin hefur verið sú að stærstur hluti gesta Opna hússins er eldra fólk en þó mætir þangað fólk á ýmsum aldri. Síðastliðið ár hefur aðsókn að Opnu húsi á þriðjudögum og fimmtudögum verið að meðaltali nálægt 12–15 manns. Opið hús var eins og flest árin á undan að undanskildum Covid-árum á þriðjudögum og fimmtudögum í salnum okkar á 2. hæð. Áfram héldum við með beinar útsendingar í gegnum Vefvarp Blindrafélagsins ásamt því að hafa aðgengilegar upptökur af eldri Opnum húsum hvenær sem hentar fólki að hlusta.

Upptökur af Opnu húsi hafa verið mjög vinsælar og auka einnig möguleika þeirra sem ekki búa á höfuðborgarsvæðinu eða eiga aðgengt í húsið að fá að fylgjast með.

Umsjónarmenn Opna hússins voru Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir, Jónína Herborg Jónsdóttir, Ólafur Beinteinn Ólafsson, Steinunn Helgu Hákonardóttir og Anna Sigríður Helgadóttir. Félagsmálafulltrúi hefur umsjón í afleysingum og fær skemmtikrafta til að taka að sér eitt og eitt Opið hús inn á milli. Smábreytingar voru síðan gerðar rétt fyrir áramót þar sem föstum dögum umsjónarmanna var breytt og kom Unnar Þór Reynisson ásamt Marjukaisu Matthíasson inn í að fá gesti til að koma með erindi í Opið hús.

Lára Kristín Lárusdóttir, félagsmálafulltrúi Blindrafélagsins, hefur yfirumsjón með starfsemi og samræmi dagskrá.

Opið hús fer reglulega yfir árið í ferðir og heimsóknir. Þetta árið var farið í heimsókn í Perluna þar sem jarðfræðingar og líffræðingar Náttúruminjasafnsins tóku á móti okkur á sýningunni Vatnið í náttúru Íslands. Einnig lögðum við land undir fót og lögðum í ferð á Eyrarbakka. Þar tóku hjónin Valgeir Guðjónsson og Ásta Krístrún Ragnarsdóttir á móti okkur og skemmtu okkur þar, síðan fengum við kaffisopa í Rauða húsinu og enduðum síðan ferðina með súpu í Þrastarlundi.



Í ferðalögum sem og viðburðum nýtur félagsmáladeildin liðsinnis starfsmanna úr afgangi og eldhúsi félagsins, bæði við undirbúning og framkvæmd. Opið hús á laugardögum er haldið að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum yfir starfsárið. Félagsmálafulltrúinn hefur ávallt umsjón með dagskránni á laugardögum og fær skemmtilega gesti til að vera með fræðslu og tónlistaratriði. Dagskráin hefst kl. 11 með fræðsluerindi en á eftir því er framreiddur heitur matur áður en deginum lýkur með tónlistardagskrá. Á starfsárinu var Opið hús á laugardegi haldið einu sinni.

#### *Foreldradeild*

Síðastliðið sumar voru haldin tvö ævintýranámskeið í samstarfi við Sjónstöðina, það fyrra í júní og það seinna í ágúst. Námskeiðin voru á dagtíma kl. 9–15 með aðalbækistöðvar í Hamrahlið 17. Þátttakendur voru sjónskert og blind börn á grunnskólaaldri. Á dagskránni voru myndlist, leikir og spil og heimsóknir á mismunandi staði á höfuðborgarsvæðinu, m.a. í listasöfn, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og Nexus til að kynna hlutverkaspilinu Drekar og dýflissur.

Frá því í haust hefur hópur ungmenna hist á tveggja vikna fresti til að spila Dreka og dýflissur. Mikil ánægja er með þessi spilakvöld. Í janúar var haldið almennt spilakvöld þar sem þátttakendur gátu prófað smáforrit sem les á spilin. Forritið virkar í snjallsímum með annað hvort iOS- eða Android-stýrikerfi. Sumarhátíð Blindrafélagsins var haldin laugardaginn 13. ágúst. Mikil gleði ríkti í garðinum, við grilluðum pulsar, krakkar nutu sín í hoppukastalanum og léku sér með leiktæki frá borginni og söngkonan Regína Ósk kom og skemmti hópnunum.

20 manna hópur fór að sjá leiksýninguna Jól á náttfötunum í Gaflaraleikhúsinu þann 4. desember sl. Sjónskertum börnum og fjölskyldum þeirra var einnig boðið á aðalæfingu jólastundarinnar hjá Sinfóníuhljómsveit í byrjun desember. Hin hefðbundna jólaskemmtun var að þessu sinni haldin fyrir alla félagsmenn þann 17. desember ásamt basar þar sem nokkrir félagsmenn seldu vörur sínar.

#### *Skemmtinefnd*

Sumarskemmtun var haldin ásamt sjóðnum Blind börn á Íslandi. Tókst ákaflega vel til.

Haustfagnaður var haldinn 21. október sem var Bítlakvöld. Jólhlaðborð var haldið 3. desember. Dagbjört Andrésar og Kristín Stefánsdóttir sungu og Hlynur Þór lék undir. Góð mæting var á alla viðburði.

### Bókmenntaklúbbur

Bókmenntaklúbburinn hittist sem fyrr tvisvar í mánuði í vetur frá 4. október 2022 til 2. maí 2023. Hist var fyrsta og þriðja þriðjudag í hverjum mánuði kl. 15–16:30 í fundarherberginu á 2. hæð. Lesnar voru tvær bækur á mánuði.

Hópurinn átti ánægjulegar samverustundir og skipst var á ólíkum skoðunum um bækurnar. Sem fyrr veitti Hulda Pétursdóttir, starfsmaður á Hljóðbókasafninu, bókmenntaklúbbnum frábæra þjónustu.

Brynja Arthúrsdóttir

### Heilsuklúbbur Blindrafélagsins

Heilsuklúbbur Blindrafélagsins hefur verið starfandi frá hausti 2019. Starfsemi klúbbsins samanstendur af styrktaræfingum, jóga og slökun sem er á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 16:30–18:15. Virkir iðkendur í salnum eru um 10 manns og einn til tveir hundar.

Umsjón með heilsuklúbbnum hefur Kristín Sjöfn Valgeirsdóttir jógakennari.

### Stafaleikfimi

Stafaleikfimi hefur verið haldin reglulega síðan árið 2019 og hefur þátttakan verið góð.

### Skíðaferð

Farið var í gönguskíðaferð á Drangsnæs í haust þar sem hópur blindra og sjónskertra fór á gönguskíði.

### Markbolti og spaðabolti

Í vetur hafa verið haldnar reglulegar æfingar í markbolta. Æfingarnar hafa verið á miðvikudögum og þátttakan hefur verið ágæt. Í ársbyrjun keypti Blindrafélagið spaðaboltaborð sem verður staðsett í Hamrahlíðinni. Æfingar í markbolta og spaðabolta gefa öllum aldurshópum tækifæri til að taka þátt í íþróttum sem hönnuð er sérstaklega fyrir blint og sjónskert fólk en allir geta spilað sem jafningjar.

### Molar og kaffi.

Blindrafélagið og Sjónstöðin hafa boðið blindu og sjónskertu fólki að koma í kaffispjall á þriðjudögum og fimmtudögum í vetur kl. 10–12 í Hamrahlíð 17 á 2. hæð.

Tilgangur samverunnar er fyrst og fremst að skapa vettvang til að hitta aðra í svipaðri stöðu, deila reynslu og spjalla. Horft hefur verið til tækni sem getur auðveldað aðgengi. Umsjón með Molum og kaffi er í höndum Þorkels Jóhanns Steindal frá Sjónstöðinni og Unnari Þór Reynissyni frá Blindrafélaginu.

Meðal þess sem tekið hefur verið fyrir í Molum og kaffi er Iris Vision búnaðurinn, starfsemi Hljóðbókasafnsins, leigubílaapp og íslenskur talgervill frá Google, svo eitthvað sé nefnt.

### *Prjónakaffi*

Prjónakaffið er haldið einu sinni í mánuði frá september fram í maí. Breyting hefur orðið á tíma prjónakaffisins, nú er það haldið kl. 17–19 og hefur mæting verið góð.

Lilja Sveinsdóttir hefur umsjón með prjónakaffinu og þakkar fyrir samstarfið í vetur og hlakkar til að hittast aftur í haust.

### *Retina Ísland*

Retina Ísland er vettvangur fólks með arfgenga hrörnunarsjúkdóma í sjónhimnu og aðstandendur þeirra. Áherslan er á fræðslu og jafningjastuðning og að fylgjast með vísindarannsóknum sem miða að því að finna meðferðir við þessum sjúkdómum og miðla upplýsingum til félagsmanna. Retina Ísland tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi innan Retina International (RI) og á samstarfsvettvangi norrænu systursamtakanna.

Meginverkefnið undanfarin ár hefur verið ráðstefna Retina International sem Blindrafélaginu fyrir hönd Retina Ísland var falið að sjá um á aðalfundi RI 2018. Áætlað var að ráðstefnan yrði í Hörpu í byrjun júní 2020 samhliða norræna augnlæknaþinginu NOK2020 en vegna heimsfaraldursins þurfti að fresta þeim um tvö ár.

RIWC2022 og NOK2022 voru haldnar í sameiginlegum viðburði í Hörpu dagana 8.–11. júní 2022. Dagskrá ráðstefnanna var samþætt í sameiginlegri fyrirlestralínu um arfgenga sjónhimnusjúkdóma fyrir fagfólk samhliða sérstakri fyrirlestraröð fyrir leikmenn þar sem tækifæri gafst til að heyra frá fyrstu hendi hvað er markverðast að gerast á sviði rannsókna og þróunar á meðferðum við arfgengum hrörnunarsjúkdómum í sjónhimnu.

Viðburðurinn var vel sóttur en alls voru 999 aðilar skráðir til leiks. Þátttakendur voru mjög ánægðir með bæði fræðilegt vægi sem og alla framkvæmd og skipulag. Það voru sérlega ánægjuleg málalök í þessu langstærsta verkefni sem Retina Ísland hefur tekist á hendur.

Árlegur samráðsfundur norrænu RP-félaganna og deilda var haldinn 8. júní 2022 samhliða RI-ráðstefnunni. Á þessum vettvangi er upplýst um helstu áskoranir og verkefni sem verið er að vinna að í hverju landi og aðrir geta lært af, auk þess að fræðast um nýjar og væntanlegar meðferðir sem eru til rannsóknar á meðfæddum hrörnunarsjúkdómum í augnbotnum.

## Samstarfsaðilar innanlands

Á starfsárinu átti Blindrafélagið aðild eða aðkomu að starfsemi og stjórnun eftirfarandi samtaka, sjóða og stofnana:

- Almannaheill, samtök þriðja geirans,
- Almanarómur,
- Hjúkrunarheimilið Eir,
- Hljóðbókasafn Íslands,
- Margrétarsjóður,
- Sjóðurinn Blind börn á Íslandi,
- Stuðningur til sjálfstæðis, styrktarsjóður Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins,
- Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur,
- Tölvumiðstöð fatlaðra,
- Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu,
- Öryrkjabandalag Íslands.

## Lokaorð formanns

Umliðin misseri hafa verið viðburðarík og annasöm á vettvangi félagsins. Áhyggjur af því að samkomutakmarkanir liðinna ára myndu hafa varanleg neikvæð áhrif á félagsstarfið reyndust góðu heilli óþarfar. Það hefur blómstrað sem aldrei fyrr og er það vel. Sama má segja um rekstur Blindrafélagsins og Blindravinnustofunnar sem hvor tveggja skilaði hagfelldri niðurstöðu á rekstrarárinu.

Farsælt félagsstarf og góður árangur kemur ekki af sjálfu sér. Stjórn og félagsmönnum Blindrafélagsins ásamt starfsfólki félagsins og Blindravinnustofunnar þakka ég af alhug fyrir sitt mikilvæga framlag og heilladrjúg störf í þágu blindra og sjónskertra á Íslandi.

Samstarfsaðilum Blindrafélagsins þakka ég farsæla samvinnu í gegnum tíðina og sömuleiðis þakka ég velunnurum félagsins kærlega fyrir dýrmætan stuðning og vinarhug í verki.

Jafnrétti, sjálfstæði, umburðarlyndi og virðing eru þau gildi sem Blindrafélagið hefur valið sér að leiðarljósi. Þau er gott að hafa í huga í dagsins önn.

Fyrir hönd stjórnar Blindrafélagsins,  
Sigþór U. Hallfredsson

## Aðrar skýrslur

### Blindravinnustofan

**Blindravinnustofan** var stofnuð árið 1941 og er vinnustofan einkahlutafélag sem er að fullu í eigu Blindrafélagsins. Blindravinnustofan hefur frá stofnun gegnt mikilvægu hlutverki í atvinnumálum blindra og sjónskertra á Íslandi. Markmiðið með starfrækslu hennar er að veita blindum og sjónskertum einstaklingum atvinnu, þjálfun og endurhæfingu til annarra starfa. Hjá Blindravinnustofunni starfa um 30 einstaklingar, þar með taldir rekstrarstjóri, verkstjóri og leiðbeinandi. Starfsemin er í gangi alla virka daga ársins og vinna starfsmenn ýmist á morgun- eða síðdegisvöktum.

Rauði þráðurinn í starfsemi **Blindravinnustofunnar** felst í innflutningi á hreingerningavörum til þökkunar og endursölu undir vörumerki Blindravinnustofunnar. Helstu viðskiptalönd Blindravinnustofunnar eru Þýskaland, Bretland, Svíþjóð, Kína og Bangladess. Vörurnar eru m.a. seldar í matvöruverslunum, í apótekum og á bensínstöðvum. Önnur starfsemi Blindravinnustofunnar er til að mynda ljósmyndaskönnun, bastvöggugerð og viðgerðir, auk vörumerkinga fyrir ýmis fyrirtæki.

Starfsemi Blindravinnustofunnar gekk vel á árinu. Vinnustofan losnaði undan Covid-takmörkunum sem þýddi að starfsemin komst aftur í eðlilegt horf. Hagræðingarverkefni sem sett voru í gang á Covid-tímum skiluðu sér inn í reksturinn. Söluaukning var á milli ára og ágætlega tókst að mæta verð- og kostnaðarhækkunum frá birgjum og þjónustuaðilum. Þessir þættir ásamt öfluggu starfsfólki skiluðu jákvæðri niðurstöðu fyrir vinnustofuna og var hagnaður af rekstri Blindravinnustofunnar.

## Sjónstöðin

– Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu

Árið 2022 var ánægjulegt hjá Sjónstöðinni þar sem starfsemin fór í eðlilegt horf eftir að samfélagið opnaði á ný eftir heimsfaraldur. Komur notenda jukust jafnt og þétt á haustmánuðum og var mikil ásókn í ráðgjöf Sjónstöðvarinnar.

Í lok árs 2022 voru um 1.700 einstaklingar á skrá hjá Sjónstöðinni. Þar af voru 204 börn á aldrinum 0–18 ára, 413 einstaklingar á aldrinum 18–67 ára og 1083 voru eldri en 67 ára. Fjöldi notenda hefur staðið í stað á milli ára sem er áhugavert þar sem það var ennþá eitthvað um takmarkanir á þjónustu hjá augnlæknum vegna Covid-heimsfaraldursins. Hér er skemmtilegt að rifja upp að þegar stofnunin tók til starfa árið 2010 voru tæplega 1.300 manns á skrá. Það er margt sem getur valdið sjónskerðingu eða blindu; augnsjúkdómar eða aðrar orsakir. Einstaka greiningar skera sig þó úr varðandi fjölda. Af notendum Sjónstöðvarinnar eru 909 notendur greindir með aldurstengda augnbotnahrörnun (AMD), 189 notendur með gláku og 111 notendur með RP eða sjónukyrkingu. Af þeim sem eru með AMD eru 455 í sjónskerðingarflokki 1 (sjónskerðing) og 413 lögblindir eða blindir (flokkur 2–9). Af hópnum sem er með RP eru 14 í sjónskerðingarflokki 1, 35 í lögblinduflokki 2, 37 í blinduflokki 3, 15 í blinduflokki 4 og þrír í blinduflokki 5.

Af börnum eru 66 með heilatengda sjónskerðingu, eða 32%, 15 eru í sjónskerðingarflokki 1, þrjú í lögblinduflokki 2, 37 í lögblinduflokki 9 og tveir í blinduflokki 4. Með aldurstengda samþætta sjón- og heyrnarskerðingu eru 175, einstaklingar með síðbúna samþætta skerðingu eru 44 og með meðfædda sjón- og heyrnarskerðingu eru 49 einstaklingar.

Fjöldi úthlutaðra hjálpartækja í lok árs 2022 var alls 1.662 sem eru töluvert fleiri úthlutanir en á fyrra ári. Af þeim voru þrír nýir leiðsöguhundar. Alls var úthlutað 634 gleraugum og linsum, 495 stækkunarglerjum, 34 stækkunartækjum og 106 hvítum stöfum.

Á árinu 2022 voru skráðar 1.263 pantanir vegna þjónustu við aðlögun á textaefni, þ.e. efni yfirfært á stækkað letur eða punktaletur. Þetta er töluverð fækkun frá árinu á undan þegar pantanir voru mun fleiri en það skýrist helst af því að nemendur í háskólanámi geta nú betur nýtt sér rafrænar lausnir en áður. Þegar efni fyrir háskólanema var skráð var hver pöntun mjög misjafnlega stór; allt frá einni síðu upp í heila bók, og því ekki alltaf besti mælikvarðinn að fara eftir fjölda pantana. Alls nýttu um 65 einstaklingar sér þjónustuna í mismiklum mæli.

Langflestar pantanir eru vegna grunnskóla og flestar pantanir fara út í tölvutæku formi, þ.e. eru settar upp í MS Word og/eða pdf til að hægt sé að nýta talgervil við lestur.

## Hljóðbókasafnið.

*40 ára afmæli Hljóðbókasafnsins setti mestan svip á starfsemina árið 2022*

Á árinu hélt Hljóðbókasafnið upp á 40 ára afmæli sitt en Blindrabókasafn Íslands var stofnað þann 7. maí 1982. Vinir og velunnarar safnsins fjölmenntu á afmælishátíðina sem haldin var á Digranesveginum, í húsakynnum safnsins, þann 5. maí. Góðir gestir ávörpuðu samkomuna; menningar- og viðskiptaráðherra, Lilja D. Alfreðsdóttir, Sigþór U. Hallfreðsson, formaður Blindrafélagsins, Øyvind Engh, forstöðumaður norska hljóðbókasafnsins NLB, Arndís Þórarinsdóttir rithöfundur og Guðmundur Skúli Johnsen, formaður Félags lesblindra, auk þess sem Marín Guðrún Hrafnisdóttir, forstöðumaður safnsins, flutti ávarp og bauð gesti velkomna. Már Gunnarsson og Iva Marín Adrichem sungu nokkur lög en Hlynur Þór Agnarsson sá um tónlist að öðru leyti.

Á afmælisárinu var einnig sett upp sýning um Guðrúnu frá Lundi. Var henni sjónlýst fyrir blinda og sá Þórunn Hjartardóttir um sjónlýsinguna. Við opnun sýningar hélt Marín Guðrún Hrafnisdóttir, bókmenntafræðingur og langömmubarn Guðrúnar, fyrirlestur um skáldkonuna og verk hennar.

Liður í afmælisári var stefnumótun. Að lokinni vinnu við það verkefni, sem fór að mestu fram árið 2021, var gefinn út bæklingur með stefnu og framtíðarsýn safnsins til ársins 2025. Miklar breytingar hafa orðið á hljóðbókamarkaði og tekur framtíðarsýn safnsins mið af þeim. Gildin sem safnið vinnur eftir og sem starfsmenn völdu í sameiningu eru þjónusta, alúð og samvinna.

Eins og áður var mest áhersla lögð á að sinna kjarnastarfseminni. Meginhlutverk safnsins er að gera efni aðgengilegt og halda úti sem bestri þjónustu fyrir lánþega safnsins. Framleiðsla á hljóðbókum gekk ágætlega en þó er áhyggjuefni að bókartitlum fer ívið fækkandi hjá okkur á milli ára sem skýrist af hækkun á öllum gjaldaliðum eins og rekstri tölvukerfa, hýsingu og hækkun á texta lesara. Brugðist var við þessu með því að óska eftir breytingu á gjaldskrá og voru árgjöld hækkuð úr 2000 í 2500 krónur undir lok árs fyrir árið 2023.

Hljóðbókasafn Íslands skrifaði á árinu undir endurskoðaðan samning við Rithöfundasamband Íslands um bótagreiðslur til rithöfunda vegna ritverka sem safnið gerir aðgengileg fyrir lánþega sína. Nýi samningurinn skerpir á hlutverki og skyldum safnsins með vísan í endurskoðuð höfundalög frá því í mars 2021. Eins var skrifað undir nýjan samning við Myndstef, félag myndhöfunda, vegna birtinga mynda og bókarkápa í höfundarrétti á vef og í streymisveitu.

Nýskipaður samráðshópur kom saman í fyrsta skipti í október en hópurinn var skipaður af ráðherra menningarmála, Lilju D. Alfreðsdóttur, til næstu fjögurra

ára. Rósa María Hjörvar er formaður hópsins en honum er ætlað að vera forstöðumanni til ráðgjafar um stefnu og önnur málefni sem varða starfsemi safnsins.

Blindrafélagið er mikilvægur bakhjarl Hljóðbókasafnsins og samstarfsaðili. Safnið tók þátt í málþinginu Þjónustan við okkar fólk, staðan, tækifærin, framtíðin sem fór fram á sjónverndardegi 13. október. Þar fjallaði Einar Hrafnsson, deildarstjóri framleiðsludeildar, um það hvort bókakostur Hljóðbókasafnsins endurspeglir nægilega vel þann fjölda tungumála sem talaður er í landinu. Í dag fá lánþegar safnsins bækur á erlendum tungumálum í gegnum millisafnalán, aðallega frá Svíþjóð og Noregi, en á árinu var tekið afar mikilvægt skref til umbóta þegar vinna hófst við að tengja safnið við alþjóðlegu bókaveituna ABC.

Lánþegar voru í árslok um 16.500 og fjölgar þeim um það bil um 2000 á ári sé tekið mið af síðustu fimm árum. Mesta fjölgunin á sér stað í aldursflokkunum 8–15 ára og 16–20 ára enda koma flest vottorð í gegnum skólana. Þeir sem nýta sér safnið mest eru þó blindir og sjónskertir. Sá hópur fékk að láni að meðaltali um 50 titla á árinu á mann, sem í heild gerðu 81.126 útlán eða 23% allra útlána ársins 2022.



Myndatexti 1: Lilja D. Alfredsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, og Marín Guðrún Hrafnisdóttir, forstöðumaður safnsins, á 40 ára afmæli Hljóðbókasafnsins þann 5. maí 2022.





Myndatexti 2: Már Gunnarsson og Iva Marín Adrichem skemmtu afmælisgestum og tóku nokkur lög.

Með góðum kveðjum og þökkum fyrir árið  
Marín Guðrún Hrafnisdóttir



# BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi  
STOFNAÐ 1939



Hamrahlíð 17 - 105 Reykjavík - Sími:525 0000 - [blind.is](http://blind.is) - [blind@blind.is](mailto:blind@blind.is)